

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Brúarvirkjun, vinnubúðir, L226638 (Lóð 4).

Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi Brúarvirkjunar. Í breytingunni felst niðurfelling lóðar, Brúarvirkjun, vinnubúðir, L226638 („Lóð 4“). Hún skal sameinast upprunalandi sínu Brú, L167070. Gerð er breyting á skilmálum deiliskipulagsins er varðar lið 4.1 og 6. Í breytingunni felst að allir hlutar vinnubúða á svæðinu verði fjarlægðir nema ein skemmubygging ásamt malarpúða. Byggingin skal skráð á land Brúar, L167070.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. ágúst 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. febrúar 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.